

Stjórnarfundur ÆSKP 19. september 2016

Neskirkja við Hagatorg

Mættir: Katrín Helga Ágústsdóttir, Guðmundur Karl Einarsson, Eva Björk Valdimarsdóttir, Þórunn Harðardóttir, Sigurður Óskar Óskarsson og Jónína Sif framkvæmdastjóri

Fundur settur kl. 16:10

1. Gaypride/Gleðigangan

Hjalti Jón Sverrisson, æskulýðsfulltrúi í Laugarneskirkju, skipulagði hitting í Laugarneskirkju daginn fyrir Gleðigönguna. Að þessu sinni hittust aðeins leiðtogar og undirbyggju atriði ÆSKP í göngunni. Bryndís Valbjarnardóttir fékk lánaðan líkbíl og líkkistu sem var merkt fordómar. Um 15 manns á vegum ÆSKP fylgdu líkbílnum í göngunni, þ.á.m fyrirverandi dómkirkjuprestur. Fjölmíðlar tóku viðtöl við Guðmund Karl og Hjalta Jón sem birtust t.d. á mbl.is. Atriðið fékk mikla athygli og góða umfjöllun. Stjórnin er strax farin að leggja höfuðið í bleyti fyrir næsta ár. Næst þarf að auglýsa viðburðinn betur en gert var í ár. Jafnvel byrja auglýsingar í mars eða jafnvel fyrr. Umræður um að hafa einnar nætur viðburð fyrir æskulýðsfélög í kringum GayPride. Athuga samstarf við ÆSKR.

2. Haustnámskeið

Mjög góð skráning var á haustnámskeiðið en alls voru 47 skráðir. Flutt voru þrjú stutt erindi. Umræður voru á stjórnarfundinum að það þyrfti að aðlaga efnið meira að starfi og áherslun ÆSKP. Nútímavæða efnið og aðlaga það að tíðarandanum. Á næsta ári þarf að huga að skyndihjálparnámskeiði og hafa verndum þau námskeið. Umræða á fundinum um að halda Verndum þau námskeið út frá nýju sjónarhorni.

3. Landsmótsundirbúningur

Landsmótsundirbúningur er í fullum gangi. Fundað var í landsmótsnefndinni í síðustu viku. Allt komið í ferli eða í vinnslu. Dagskrá að verða klár. Kristján er að gera vaktaplan fyrir leiðtoga. Jónína, Guðmundur Karl og Eva fara norður í næstu viku. Gert er ráð fyrir að hafa Markaðstorg á Glerártorgi. Athuga þarf hvort að Hjálpræðisherinn hafi áhuga á að taka þátt í söfnuninni með okkur. Afgangsfatnaður sem þátttakendur koma með á mótið mun renna til Hjálparstarfs kirkjunnar. Það vantar kvöldvökustjórn. Upplýsingaflæði til leiðtoga í fullu fjöri. Gisting í góðum farvegi. Styrkir og matargjafir eru í góðum málum. Landsmót stendur ekki undir sér eins og staðan er í dag. Mission impossible leikur í formi apps. Finna þarf aðila í fræðsluna.

3. Leitogar „sin portfolio“

Leiðtogar „sin portfolio“ eru aðstoðarleiðtogar í sinni heimakirkju sem eru ekki orðnir 18 ára. Stjórnin ræddi málið fram og tilbaka og komst að þeirri niðurstöðu að leiðtogar sem verða 18 ára eftir að móti líkur fái stöðu þátttakenda á mótinu. En þeir sem eiga 18 ára afmæli eftir mótið eða orðnir 17 ára mega verða skilgreindir sem ungleiðtogar. Þannig fá þeir einstaklingar örlitla aðgreiningu án þess að bera ábyrgð á öðrum.

4. Næstu staðsetningar landsmóts

Stjórn ræddi að ákveða þyrfti landsmót a.m.k. tvö ár fram í tímann. Það er sérstaklega vegna þess að styrkumsóknir þurfa að berast fyrr til þeirra bæja sem áætlað er að halda landsmót í. Aukinn fjöldi ferðamanna á landinu hefur orðið til þess að bóka þarf gistingar, húsnæði og mat mun fyrr en áður. Stjórn leggur fram þá tillögu að landsmót verði á Selfossi árið 2017 (umhverfismál) og Egilsstöðum 2018. Síðan verður horft til Akraness eða Reykjanesbær 2019 og Húsavíkur eða Akureyrar 2020. Stjórn leggur það til að landsmót 2017 verði viku síðar en í ár eða helgina 27.-29. október 2017.

5. Bréf til kirkjuráðs

Framkvæmdarstjóri sendi bréf á kirkjuráð á dögunum. Framkvæmdarstjóri sótti um 20% styrkveitingu í ár en hingað til hefur kirkjumálasjóður dekkað um 6% af kostnaði landsmóts. Með því móti verður mótið þægilegra

í rekstri og veglegra fyrir vikið. Landsmót er það stórt mót, stærsti viðburður kirkjunnar að það þarf að hafa efni á því að halda það með góðum fyrirvara. Það er von stjórnar ÆSKÞ að kirkjuráð taki vel í bréfið því það vantar aukastyrk á landsmót. Fjármálanefnd kirkjuráðs fundaði síðasta mánudag og mælti nefndin með afgreiðslu hjá kirkjuráði. Nú er beðið eftir að kirkjuráð fundi og bréfið frá ÆSKÞ verði tekið aftur fyrir.

Bréf barst frá biskupsritara. Eva segir frá bréfinu. Fulltrúar ÆSKÞ eru boðaðir á fund á miðvikudaginn. Almennatengslanefnd Jónína, Guðmundur Karl og Eva fara á fundinn, Sunna Dóra verður með í gegnum síma.

6. PR fundur á biskupsstofu á miðvikudag

Eva og Jónína ræða saman og undirbúa sig fyrir fundinn.

7. Easter course

Margrét Arnardóttir leiðtogi í Selfosskirkju verður í skipulagsnefndinni fyrir Easter Course 2017. Easter Course verður í Danmörku að þessu sinni. ÆSKÞ verður full memeber frá næstu áramótum.

8. Farskóli leiðogaefna

Farskólinn fer af stað í byrjun október. Jónína Sif Eypórsdóttir verður skólastjóri í ár.

9. Nýir reikningar ÆSKÞ

Sambandið hefur verið með tvo bankareikninga hingað til. Reikningarnir voru með sitthvort bankanúmerið. Guðmundur Karl stofnaði tvo nýja reikninga þannig að báðir hafa sama bankanúmer sem einfaldar innheimtu í bókhaldskerfinu. Reikningarnir verða annars notaðir til að innheimta félagsgjöld og hins vegar er það sparnaðarreikningur með hærri vexti en tékkareikningar.

10. Greiðslur vegna efnisgerðar fyrir farskólaleiðtogaefna

Eva og Guðmundur Karl grófust fyrir um málið. Í ljós kom að ÆSKÞ fékk greitt 600.000 kr. Það er enn til peningur fyrir endurskoðun helmings kennsluefnis farskólans. Þurfum að finna aðila til að semja nýtt efni í farskólann.

11. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið 18:45.